

Álit lyfjafræðinga:

Skynsamlegt að taka í taumana

— Hættulegt að blása svona mál upp

Morgunblaðið sneri sér til nokkurra lyfjafræðinga, til að heyra álit þeirra á eiturlyfjaskrifunum, sem undanfarið hefur gætt í nokkrum blöðum.

Fara hér á eftir um-sagnir fjögurra lyfjafræðinga og apótekara.

Sigurður Ólafsson í Reykjavíkur apóteki.

„Ég álit að það væri skynsamlegt fyrir heilbrigðisfyrvöldin að taka þarna eitthvað í taumana. Í apótekunum verð

um við reyndar ekki varir við neina aukningu frá því sem hefur verið. Þessar pillur, sem hefur verið skrifað um eru ekki eiturlyf, heldur örvunarlyf. Þau geta hins vegar gert fólki illt“.

Birgir Einarsson, Vesturbæjar apóteki:
„Málið hefur meira verið sett upp sem æsifréttir en raunveruleikanum samkvæmt“.

Kjartan Gunnarsson:
„Það er gert allt of mikið úr þessu, þó það sé vissulega sjálfsagt að hafa eftirlit. Það er svo með flest lyf, að ef nóg er etið af þeim, skapa þau annarlegt ástand í líkamanum. Ástandið hér getur ekki talizt alvarlegt. Á hinum Norð

urlöndunum eru raunveruleg eiturlyf mikið vandamál, en þess verður ekki vart í apótekum hér, að sötzt sé eftir þeim“.

Ólafur Ólafsson, Holtapóteki, formaður félags lyfjafræðinga:

„Þetta hefur verið blásið upp, því þarna eru ekki um að ræða raunveruleg eiturlyf, heldur deylif- og svefnlyf en þó aðallega að manni skilist örvunarlyf, sem eru fengin að utan. Þau er vitanlega hægt að misnota engu síður en önnur lyf. Reglur hér á landi hafa verið strangari en víðast hvar annars staðar, og því ekki mikil ástæða til að óttast að svo komnu máli. Það getur líka oft verið hættulegt að blása svona mál upp, því það vill vekja áhuga á efninu“.



Stórfelldar vegaskemmdir á Vestfj.

FRÉTTARITARI Morgunblaðsins á Flateyri hringdi í gærkvöldi og sagði frá miklum vegaskemmdum, sem hefðu orðið í Önumdarfirði og Dýrafirði vegna aurskriðna.

Í gær byrjuðu stórfelldar rigningar og stóðu fram eftir degi í dag. Féllu 17 skriður á veginn út í Valbjófsdal. Ennfremur hafa vegir víða spillzt, vegna þess að ræsi hafa ekki haft undan að flytja vatnið burt, og víða hefur hann skorizt sundur af völdum vatnsins.

Vegurinn í kringum Dýrafjörð er lokaður vegna aurskriðu, sem féll norðan megin fjarðarins og tók þar sundur veginn.

Morgunblaðið fékk þær upplýsingar hjá Veðurstofunni að í Kvígindisdal við Patreksfjörð hefði úrkoma verið 96 mm frá kl. 6 í fyrrkvöld til kl. 6 í gær kvöldi. Á sama tíma var úrkoma á Galtarvita 58 mm.

Allar líkur eru því á, að stór kostlegar vegaskemmdir hafi orðið um alla Vestfirði.

Lítið flogið

ILLA viðraði til innanlandsflugs í gær. Var aðeins flogið til Akureyrar og Sauðárkróks. Á Ísa-firði var ein af Douglas-vélum Flugfélagsins biluð, þriðja daginn í röð. Enn hefur ekki viðrað til að senda viðgerðarmann vestur.

Aðeins

5

dagar
eftir

Þessi helgi er sú síðasta, sem hið glæsilega Skyndihappdrætti Sjálfstæðisflokksins stendur. Nú eru aðeins 5 dagar, þar til dregið verður. Ekki eru nema örfáir miðar eftir í sölu hjá happdrættinu en allmargir, sem fengið hafa miða senda heim til sín, eiga enn eftir að gera skil þótt að flestir hafi þegar lokið því af. Þeim sem eiga eftir að gera skil, er vinsamlega bent á að gera það nú um helgina. Skrifstofa happdrættisins í Sjálfstæðishúsinu er opin til kl. 10 í kvöld.



Kind í tugthúsi

Í GÆRMORGUN fengu fanga verðirnir í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg kind nokkra til vörzlu. Hún var í kaupstaðarferð, en barnahóp ur elti hana um göturnar, unz lögreglan kom á vettvang og tók hana úr umferð.

Fréttamaður Mbl. átti þess kost að ná stuttu viðtali við kindina, er hún hafði verið nokkrar klst. undir eftirliti Guðbjörns Jóhannessonar fangavardar.

— Hvað gerðir þú af þér, kindin þín?

— Me-e-e-e.

— Jæja, það var rangt af þér, en hvernig hafa þeir farið með þig?

— Me-e-e-e-e-e-e-e.

— Það var nú gott. Hlakkar þú til að komast aftur til eiganda þíns?

— Me-e-e-e-e-e-e.


Ekki var unnt að setja kindina í klefa, sökum anna stofnunarinnar og varð að láta garðinn nægja.

Guðbjörn kvað hegðun roll

unnar með mestu ágætum og yrði hún bráðlega látin laus. Mark hennar var sýlt hægra, fjöður framan og miðhlutað vinstra. Það mark var tekið upp á Stóra-Kambi í Breiðu vik árið 1918 og flutti eigandi þess, Bragi Kristjánsson, Ártúni, það með sér til Reykjavíkur. Hafðist fljótlega upp á eigandanum, og sótti hann kind sína og flutti heimleiðis. Hann kvaðst ekkert botna í þessu ferðalagi, þar sem rollan an átti að vera í fjárheldri girðingu í Hvassahrauni.

Loftmynd af Selfossi

Sjá grein á bls. 10.



Loftmynd af Selfossi.

Kosmos II.

sendur á loft

London, 20. okt. — AP.

Rússar sendu í morgun á loft nýjan gervihnött til vísindalegra rannsókna, Kosmos 11, að því er Moskvu útvarpið tilkynnti. Sagði útvarpið, að tilraunin hefði tekið mjög vel, gervihnötturinn væri kominn á tilætlaða braut, sem hefur jarðfirir 920 km. og jarðnánd 245 km.

17 gráðu hiti á Akureyri

AKUREYRI, 20. okt. — Mikill hiti hefur verið hér á Akureyri og í Eyjafirði að undanfögnu, t. d. fór hitinn á Akureyri upp í 17 gráður í gær, en var kl. 9 í morgun 14 gráður og fer vaxandi.

Þetta er jafn mikill hiti og þegar best var í sumar.

Allir vegir í nágrenninu eru vel færir bifreiðum og einnig um Austurland. Bifreiðastjórar frá Raufarhöfn og Vopnafirði segja, að færðin sé sízt lakari en sl. sumar. — St. E. Sig.